

## 4. gr.

## TRÚNAÐARKVÖÐ

- 4.1. Ef ekki er annars krafist samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000, einkum 7. gr., er þar til bærum aðila eða löglegum fulltrúa hans ekki heimilt að afhenda eða nota í tilgangi, óskyldum þessum samningi, upplýsingar sem þeir hafa fengið aðgang að við mat á vöru vegna veitingar umhverfismerkisins eða við eftirlit á því hvort ákvæðin eru uppfyllt samkvæmt 3. gr. samningsins.
- 4.2. Þar til bær aðili skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að skjöl sem honum er trúað fyrir séu ekki fölsuð eða misnotuð.
- 4.3. Þá skal þar til bær aðili gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að skjöl, sem honum er trúað fyrir, eyðist ekki í minnst þrjú ár talið frá þeim degi sem samningur þessi rennur út. Að þeim tíma liðnum er þar til bæra aðilanum heimilt að eyða skjölunum.

## 5. gr.

## FRESTUN OG AFTURKÖLLUN

- 5.1. Ef handhafa verður ljóst að hann uppfyllir ekki notkunarskilmálana eða ákvæðin í 1. til 3. gr. skal hann tilkynna það þar til bærum aðila og ekki nota umhverfismerkið fyrr en notkunarskilmálarnir eða ákvæðin hafa verið uppfyllt og þar til bæra aðilanum verið skýrt frá því.
- 5.2. Ef þar til bær aðili áfítt að handhafi hafi brotið einhverja notkunarskilmála eða ákvæði þessa samnings getur hann frestað eða afturkallað leyfi handhafa til að nota umhverfismerkið og gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir handhafi noti það áfram, þar á meðal ráðstafanir sem er kveðið á um í 9. gr.

## 6. gr.

## TAKMÖRKUN Á ÁBYRGÐ OG SKAÐABÆTUR

- 6.1. Handhafa er ekki heimilt að láta umhverfismerkið vera hluta af ábyrgð eða tryggingu í sambandi við vöruna sem um getur í 1. mgr. 1. gr. í þessum samningi.
- 6.2. Þar til bær aðili, þar með taldir löglegir fulltrúar hans, ber ekki ábyrgð á tapi eða skaða sem handhafi verður fyrir vegna veitingar og/eða notkunar á umhverfismerkinu.
- 6.3. Þar til bær aðili, þar með taldir löglegir fulltrúar hans, ber ekki ábyrgð á tapi eða skaða sem þriðji aðili verður fyrir vegna veitingar og/eða notkunar á umhverfismerkinu, auglýsingar meðtaldar.
- 6.4. Handhafi skal bæta skaða og sjá til þess að þar til bær aðili og löglegur fulltrúi þurfi ekki að greiða tap, skaða eða ábyrgð sem þar til bær aðili eða löglegir fulltrúar hans verða fyrir vegna samningsbrots handhafa, eða vegna þess að þar til bær aðili reiddi sig á upplýsingar eða skjöl frá handhafa, meðtaldar kröfur frá þriðja aðila.

## 7. gr.

## GJÖLD

- 7.1. Handhafi skuldbindur sig til að greiða þar til bærum aðila gjald, eða gjöld fyrir notkun umhverfismerkisins á vöruna, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., og í viðaukanum þann notkunartíma, sem mælt er fyrir um í þessum samningi, í samræmi við gildandi reglur um gjöld á þeim tíma sem samningurinn er undirritaður og sem er til ráðstöfunar af hálfu þar til bærs aðila hinn ... (dagsetning og full tilvísun) eins og kemur fram í viðauka við þennan samning. Ef þar til bær aðili eða handhafi frestar eða slítur samningi áður en hann rennur út hefur handhafi ekki rétt til endurgreiðslu gjaldsins (gjaldanna), hvorki að fullu né að hluta.
- 7.2. Notkun umhverfismerkisins er bundin því skilyrði að öll viðeigandi gjöld hafi verið greidd á réttum tíma.

## 8. gr.

## KVARTANIR

- 8.1. Þar til bærum aðila er heimilt að greina handhafa frá kvörtunum sem eru bornar fram vegna vörunnar með umhverfismerkinu og er heimilt að biðja handhafa að svara þessum kvörtunum. Þar til bæra aðilanum er heimilt að halda nafni kvartanda leyndu fyrir handhafa.
- 8.2. Hugsanleg svör af hálfu handhafa, í samræmi við beiðni samkvæmt 1. mgr. 8. gr., hafa ekki áhrif á réttindi og/eða skyldur þar til bærs aðila samkvæmt 3. og 5. gr. þessa samnings.

## 9. gr.

## SAMNINGSTÍMI OG GILDANDI LÖG

- 9.1 Með fyrirvara um ákvæðin í 2., 3., og 4., mgr. 9. gr. gildir þessi samningur frá þeim degi sem hann er undirritaður til (...), eða þar til viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn falla úr gildi, hvort heldur ber fyrir að.
- 9.2. Ef handhafi hefur brotið gegn notkunarskilmálum eða ákvæðum í þessum samningi í skilningi 2. mgr. 5. gr. er þar til bærum aðila heimilt að líta á það sem brot á samningi og getur hann þá, til viðbótar við ákvæðin í 2. mgr. 5. gr. slitið samningi, með ábyrgðarbréfi til handhafa, fyrir daginn sem er tilgreindur í 1. mgr. 9. gr. (að liðnum fresti sem þar til bær aðili ákveður).
- 9.3. Handhafa er heimilt að slíta samningi með þriggja mánaða fyrirvara með ábyrgðarbréfi til þar til bær aðila.
- 9.4. Ef viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eru framlengdar óbreyttar í tiltekinn tíma, og ef engin skrifleg tilkynning um slit hafa komið frá þar til bærum aðila minnst þremur mánuðum áður en viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn og samningur þessi renna út, skal þar til bær aðili greina handhafa frá því með minnst þriggja mánaða fyrirvara að samningurinn framlengist sjálfkrafa í þann tíma sem viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn eru í gildi.
- 9.5. Eftir að samningurinn er útrunninn er handhafa ekki heimilt að nota umhverfismerkið í sambandi við vöruna sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og í viðaukanum við þennan samning, hvorki til merkingar né til auglýsinga. Í sex mánuði eftir að samningnum hefur verið slitið er samt sem áður heimilt að umhverfismerkið sé að finna á birgðum sem handhafi eða aðrir hafa undir höndum og voru framliddar áður en samningurinn var útrunninn. Þetta seinna ákvæði gildir ekki ef samningnum hefur verið sagt upp af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 9. gr.
- 9.6. Um allar deilur milli þar til bær aðila og handhafa og um allar kröfur eins aðila á hendur hins á grundvelli þessa samnings, sem hefur ekki náðst sátt um milli samningsaðila, skulu gilda lög aðildarríkisins/héraðs þar til bæra aðilans og lögsaga dómstóla aðildarríkisins/héraðs þar til bæra aðilans.

Eftirfarandi viðaukar skulu vera hluti af þessum samningi:

- eintak af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins, (á viðkomandi EB-máli (málum)),
- vöruforskriftir, þar sem a.m.k. komi fram upplýsingar varðandi heiti og/eða eigin tilvísunarnúmer framleiðanda, framleiðslustaði og viðkomandi skráningarnúmer leyfis fyrir umhverfismerki.
- eintak af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ... (um vöruflokksviðmiðanir),
- forskriftir varðandi umhverfismerkið, sem tilgreina m.a. að prenta skuli merkið annaðhvort í tveimur litum (Pantone 347 grænum og Pantone 279 bláum), eða í svörtu á hvítan grunn, eða í hvítu á svartan grunn.
- eintak af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/728/EB frá 10. nóvember 2000 um ákvörðun á gjöldum í sambandi við umhverfismerki bandalagsins, (á viðkomandi EB-máli (málum)).

Gjört í ..... hinn ..... Gjört í ..... hinn .....

(Þar til bær aðili)

(Handhafi)

Tilnefndur aðili ..... Tilnefndur aðili .....

(bindandi undirskrift)

(bindandi undirskrift)



## ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/31/24

frá 10. nóvember 2000

## um að koma á fót umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins og setja henni starfsreglur(\*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 3280)

(2000/730/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli koma á fót nefnd um umhverfismerkingar innan Evrópusambandsins, hér á eftir nefnd „umhverfismerkinganefndin“ (EUEB), sem í eru þar til bærir aðilar, sem um getur í 14. gr. og aðilar sem sitja samráðsfundina sem um getur í 15. gr.
- 2) Í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli setja starfsreglur fyrir umhverfismerkinganefndina í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. og að teknu tilliti til meginreglna um málsmeðferð sem eru settar fram í IV. viðauka.
- 3) Í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að umhverfismerkinganefndin skuli einkum vinna að setningu og endurskoðun viðmiðana fyrir umhverfismerki og einnig að því að setja kröfur vegna mats og sannprófunar.
- 4) Í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli tryggja að umhverfismerkinganefndin fylgist með því í störfum sínum, að því er alla vöruflokka varðar, að jafnvægi sé í þáttöku allra, sem eiga hagsmuna að gæta að því er varðar viðkomandi vöruflokk, svo sem iðnaðar- og þjónustugreinar, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki, handverksmenn og samtök þeirra og stéttarfélag, kaupmenn, smásalar, innflytjendur, umhverfisverndar-samtök og neytendasamtök.
- 5) Í 5. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að nauðsynlegt sé að frjáls félagsamtök á sviði umhverfismála og neytendasamtök hafi mikilvægu hlutverki að gegna að því er varðar þróun og setningu viðmiðana fyrir umhverfismerki bandalagsins til þess að kerfið um veitingu þess geti orðið viðurkennt af almenningi.
- 6) Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að umhverfismerkinganefndin geti farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún hefji málsmeðferð fyrir setningu vistræðilegra viðmiðana.
- 7) Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli fela umhverfismerkinganefndinni það umboðsverkefni að þróa og endurskoða reglulega viðmiðanir fyrir umhverfismerki og einnig mats- og sannprófunar-kröfur sem tengjast þessum viðmiðunum og eiga við um vöruflokka sem falla undir gildissvið þeirrar reglugerðar.
- 8) Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að umhverfismerkinganefndin skuli, á grundvelli umboðsins, leggja drög að viðmiðunum fyrir umhverfismerki fyrir vöruflokkinn og mats- og sannprófunarkröfum í tengslum við þær viðmiðanir, eins og kemur fram í 4. gr. og IV. viðauka við þá reglugerð, og taka jafnframt tillit til niðurstaðna hagkvæmnis- og markaðsrannsóknna, mats á endingartíma og umbótagreiningarinnar sem um getur í II. viðauka við þá reglugerð.
- 9) Í 1. lið IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að koma skuli á fót sérstökum vinnuhópi innan umhverfismerkinganefndarinnar sem í eru hagsmunaaðilarnir, sem um getur í 15. gr., og þar til bærir aðilar, sem um getur í 14. gr., sem hafi því hlutverki að gegna að þróa umhverfismerkisviðmiðanir fyrir hvern vöruflokk.
- 10) Í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að umhverfismerkinganefndin verði ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar um vinnuáætlun fyrir umhverfismerki bandalagsins.
- 11) Í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að aðilar að umhverfismerkinganefndinni skuli hafa samráð við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina þegar þeir kynna notkun umhverfismerkis bandalagsins.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttð. EB L 293, 22.11.2000, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2001 frá 9. nóvember 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 6, 24.1.2002, bls. 23.

(<sup>1</sup>) Stjttð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Reglurnar um að koma á fót nefnd um umhverfismerkingar innan Evrópusambandsins og starfsreglur hennar, sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, eru hér með samþykktar.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Margot WALLSTRÖM

*framkvæmdastjóri.*

---

## VIÐAUKI

## STARFSREGLUR NEFNDAR UM UMHVERFISMERKINGAR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS

## HLUTVERK UMHVERFISMERKINGANEFNDARINNAR

1. Umhverfismerkinganefndinni, sem um getur í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, er hér með komið á fót og skal hún starfa í samræmi við þá reglugerð.
2. Umhverfismerkinganefndin skal einkum:
  - fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún hefji málsmeðferð til að setja vistfræðilegar viðmiðanir og einnig viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir vöruflokka,
  - vinna að setningu og endurskoðun viðmiðana fyrir umhverfismerki og einnig að því að setja kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir vöruflokka,
  - vera ráðgjafi framkvæmdastjórnarinnar um vinnuáætlun fyrir umhverfismerki bandalagsins.
3. Aðilar að umhverfismerkinganefndinni skulu hafa samráð við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina þegar þeir kynna notkun umhverfismerkis bandalagsins.

## SAMSETNING

4. Umhverfismerkinganefndin skal samanstanda af þar til bærum aðilum sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, þ.m.t. þar til bærum aðilum frá EES-löndunum og samráðsnefndinni sem um getur í 15. gr. þeirrar reglugerðar.
5. Auk annarra skulu eftirfarandi samtök, sem eru fulltrúar hagsmunaaðila, vera aðilar að umhverfismerkinganefndinni:
  - Neytendavernd bandalagsins (COFACE) (neytendur, einnig fulltrúar Evrópusamtaka neytenda (BEUC), Evrópusamband neytendasamtaka (Eurocoop) og samtök evrópskra neytenda (AEC)),
  - Evrópska umhverfisskrifstofan (EEB) (umhverfismál),
  - Bandalag evrópskra stéttarfélaganna (ETUC) (stéttarfélag),
  - Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE) (iðnaður)
  - Samtök evrópskra handverksmanna, lítíl og meðalstór fyrirtæki (UEAPME) (lítíl og meðalstór fyrirtæki, handverk),
  - Evrópuverslun (Eurocommerce) (verslun).

Til að tryggja að þátttaka allra, sem eiga hagsmuna að gæta, sé í jafnvægi getur umhverfismerkinganefndin aðlagð þessa aðild eftir því sem við á annaðhvort að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði, með fyrirvara um samþykki framkvæmdastjórnarinnar.
6. Hver aðili að umhverfismerkinganefndinni skal tilnefna tengilið.

## FORMAÐUR, VARAFORMENN OG AÐALSKRIFSTOFA

7. Formaður og tveir varaformenn umhverfismerkinganefndarinnar skulu vera til skiptis frá þar til bærum aðilum, sem bera ábyrgð á umhverfismerki Evrópusambandsins, sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
8. Fyrst skal formaðurinn vera frá þar til bærum aðila frá aðildarríkjum Evrópusambandsins, hverju á fætur öðru, á sama tíma og viðkomandi ríki gegnir formennsku í Evrópusambandinu, og síðan frá hverju og einu aðildarlandi Evrópska efnahagssvæðisins, jafn lengi og eftir stafrófsröð.
9. Varaformennirnir tveir skulu vera frá þar til bærum aðila, sem er næstur í röðinni að gegna formennsku, og þar til bærum aðila sem gegndi formennsku síðast.
10. Annar varaformaður eða aðili að umhverfismerkinganefndinni getur í undantekningartilvikum leyst af þar til bærann aðila sem gegnir formennsku eða varaformennsku.
11. Umhverfismerkinganefndin getur þó hvenær sem er, með samkomulagi við framkvæmdastjórnina, samþykkt aðra aðferð við að skipa formenn og varaformenn.
12. Aðalskrifstofa umhverfismerkinganefndarinnar skal vera í umsjá framkvæmdastjórnarinnar.

## FUNDIR

13. Formaður skal boða til funda umhverfismerkinganefndarinnar sem skal, með aðstoð varaformanns og skrifstofunnar, sjá um að útbúa og dreifa fundarboðum, dagskrá og fylgiritum og einnig sjá um ritun og dreifingu fundargerðar.
14. Framkvæmdastjórnin skal, sé óskað eftir því, útvega fundarherbergi ef halda á fundinn í Brussel.

15. Almennu skulu ekki fleiri en þrjú fulltrúar frá hverjum aðila að umhverfismerkinganefndinni sitja hvern fund.
16. Fulltrúar aðildarríkjanna, Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins hafa heimild til að sitja fundi umhverfismerkinganefndarinnar. Fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar skulu sitja fundi umhverfismerkinganefndarinnar. Formaður eða framkvæmdastjórnin getur, þegar við á, boðið öðrum hagsmunaaðilum að sitja fundi.

#### KOSTNAÐUR

17. Framkvæmdastjórnin skal bera almennan kostnað vegna fundarhalda, þróunar og endurskoðunar vistfræðilegra viðmiðana og annarrar starfsemi samkvæmt samkomulagi um árlega fjárveitingu vegna slíkra útgjalda.

#### ALMENNAR REGLUR

**(Reglurnar varða m.a. þar til bæra forystuaðila og sérstaka vinnuhópa og gilda í málum er tengjast setningu eða endurskoðun vistfræðilegra viðmiðana og viðeigandi kröfum vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir vöruflokka)**

18. Þegar unnið er að málum er tengjast setningu eða endurskoðun vistfræðilegra viðmiðana eða að viðeigandi kröfum vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir vöruflokka skal umhverfismerkinganefndin velja einn eða fleiri af þar til bærum aðilum, sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, sem eru fúsir til að gegna forystuhlutverki. Þeir skulu nefndir þar til bærir forystuaðilar.
19. Þar til bær forystuaðili skal, með aðstoð aðila að umhverfismerkinganefndinni, mynda sérstakan vinnuhóp eins og um getur í 1. lið IV. viðauka við umrædda reglugerð. Hann skal beita sér fyrir því að jafnvægi sé í þátttöku, m.a. viðeigandi fulltrúa hagsmunaaðila, þar til bærra aðila og framkvæmdastjórnarinnar. Hagsmunaaðilar innan Evrópusambandsins og utan þess skulu fá sams konar meðferð. Fulltrúar hagsmunaaðila, sem áður er getið, skulu, eftir því sem unnt er, hafa sérfræðipækkingu og góða þekkingu á þeim vöruflokki sem um er að ræða og skulu nefndir tæknilegir fulltrúar.
20. Allir þar til bærir aðilar skulu leggja sig fram um að leita álits allra hagsmunaaðila í landi sínu varðandi þann vöruflokk sem um er að ræða og skulu senda þær upplýsingar til sérstaka vinnuhópsins og umhverfismerkinganefndarinnar.
21. Þar til bær forystuaðili skal halda og stýra a.m.k. einum fundi með þessum sérstaka vinnuhópi. Framkvæmdastjórnin skal, sé óskað eftir því, útvega fundarherbergi ef halda á fundinn í Brussel.
22. Tæknilegir fulltrúar hagsmunaaðilanna, sem áður er getið, skulu, eftir því sem unnt er, einnig sitja þá fundi umhverfismerkinganefndarinnar þar sem ræða á til hlítar um viðkomandi vöruflokk.
23. Umhverfismerkinganefndin, þar til bær forystuaðili og sérstaki vinnuhópurinn skulu vinna eftir þeim markmiðum og meginreglum sem mælt er fyrir um í 1. gr. umræddrar reglugerðar og einnig meginreglunum um málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. viðauka þeirrar reglugerðar.
24. Umhverfismerkinganefndin, þar til bær forystuaðili og sérstaki vinnuhópurinn skulu taka tillit til þeirrar stefnu sem tekin hefur verið í umhverfismálum í bandalaginu og þeirrar vinnu sem unnin hefur verið í öðrum skyldum vöruflokkum.
25. Umhverfismerkinganefndin og þeir sem eiga aðild að henni svo og þar til bær forystuaðili og sérstaki vinnuhópurinn skulu kappkosta að ná samstöðu í starfi sínu og stefna að því að ná sem víðtækastri umhverfisvernd.

#### UNDIRBÚNINGSVINNA

**(Málsmeðferð sem ber að fylgja áður en þess er farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún hefji málsmeðferð um að setja vistfræðilegar viðmiðanir fyrir vöruflokka.)**

26. Umhverfismerkinganefndin getur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún hefji málsmeðferð um að setja vistfræðilegar viðmiðanir fyrir vöruflokka.
27. Umhverfismerkinganefndin skal taka tilhlýðilegt tillit til vinnuáætlunar framkvæmdastjórnarinnar um umhverfismerki, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, einkum skrárinnar, sem er ekki tæmandi, yfir vöruflokka sem hafa forgang hvað bandalagsaðgerðir varðar.
28. Umhverfismerkinganefndin skal vinna undirbúningsvinnu til að ákvarða hvort vöruflokkurinn, sem um er að ræða, falli undir kerfi framkvæmdastjórnarinnar um veitingu umhverfismerkis sem mælt er fyrir um í 2. gr. umræddrar reglugerðar og einkum hvort hann uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. Framkvæmdastjórnin getur einnig krafist þess að umhverfismerkinganefndin vinni þessa undirbúningsvinnu.

29. Vegna þessarar undirbúningsvinnu skal umhverfismerkinganefndin velja þar til bærar eða þar til bæra forystuaðila, sem eru fúsir til að taka að sér forystuhlutverk, sem mynda síðan sérstakan vinnuhóp. Almennu reglurnar, sem eru tilgreindar hér að framan, skulu gilda.
30. Þar til bær aðili, sem gegnir forystuhlutverki, skal, m.a. með aðstoð sérstaka vinnuhópsins og í hæfilega miklum mæli, gera hagkvæmnis- og markaðsrannsóknir, ásamt mati á endingartíma og gera umbótgreininguna sem um getur í II. viðauka við umrædda reglugerð, að teknu tilliti til krafna og gildandi ákvæða sem mælt er fyrir um í 3. gr., I. viðauka og 1. lið IV. viðauka.
- Í því sambandi skal þar til bær forystuaðili, með aðstoð sérstaka vinnuhópsins o.fl. og að svo miklu leyti sem það er viðeigandi og gerlegt, sinna eftirfarandi verkefnum:
- a) að greina eðli markaðarins, þ.m.t. hvernig atvinnugreinar og efnahagur skiptast á viðkomandi sviði (helstu framleiðendur, markaðshlutdeild, innflutningur o.s.frv.), greina eðli mismunandi tegunda vörunnar, greina möguleikana á því að markaðssetja umhverfismerktar vörur með góðum árangri og leggja fram viðeigandi markaðs- og samskiptaáætlun;
  - b) að leita eftir álit allra hagsmunaaðila (þar til bærra aðila, hagsmunahópa o.s.frv.) og ákvæða hvaða aðilar eiga að koma að setningu viðmiðana;
  - c) að greina lykilmhverfisáhrif, góðar starfsvenjur í greininni, fjalla einnig um hönnun í umhverfismálum og ákvæða á hvaða sviðum skuli helst koma á umbótum í vöruflokknum og hvernig þær verði best felldar inn í vistfræðilegar viðmiðanir;
  - d) að greina lykilatirði varðandi það hvort varan sé nægilega góð til að uppfylla þarfir neytenda og hvernig þau verði best felld inn í viðmiðanir fyrir umhverfismerki;
  - e) að gera yfirlit yfir og fá afrit af umhverfismerkjum, sem þegar eru til, stöðlum, prófunaraðferðum og rannsóknum sem skipta máli fyrir setningu umhverfismerkis í vöruflokknum, að teknu tilliti til þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin viðvíkjandi skyldum vöruflokkum og áætla kostnað við prófun;
  - f) að athuga innlenda, evrópska og alþjóðlega lagasetningu;
  - g) að greina hugsanlegar hömlur á því að setja upp þennan vöruflokk með góðum árangri;
  - h) að gera drög að og dreifa, með góðum fyrirvara fyrir fundi, öllum nauðsynlegum vinnuskjölum þar sem teknar eru saman helstu niðurstöður hvers hinna þriggja þrepa, sem um getur hér að framan, þ.m.t. öðrum viðeigandi upplýsingum og greiningum;
  - i) að gera drög að tæmandi lokaskýrslu um niðurstöður áðurnefndra greininga og rannsókna á ensku og hugsanlega einnig á einu af öðrum opinberum tungumálum bandalagsins. Þessi lokaskýrsla skal gerð aðgengileg bæði í prentuðu og rafrænu formi og skal vera opin fyrir umræður, á vefsetri um umhverfismerkið ef unnt er. Í meðfylgjandi viðauka skal vera yfirlitsskrá yfir öll skjöl sem hefur verið dreift á meðan á verkinu stóð og þar skal tilgreindur sendingardagur hvers skjals og hverjir hafa fengið það og afrit af skjölunum sem um er að ræða. Í meðfylgjandi viðauka skal einnig vera skrá yfir hagsmunaaðila sem taka þátt í verkinu eða haft hefur verið samráð við eða sem hafa látið álit sitt í ljós, ásamt upplýsingum um hvernig hægt er að ná til þeirra. Í henni skal vera samantekt á aðalatriðum og, þar sem við á, viðaukar með nákvæmum útreikningum á innihaldi hennar. Allar athugasemdir sem berast um skýrsluna verða skoðaðar og upplýsingar veittar um það sem er gert í framhaldi af athugasemdum, sé óskað eftir því;
  - j) að leggja fram niðurstöðurnar á einum eða fleiri fundum umhverfismerkinganefndarinnar og gera tillögur um það, á grundvelli þessara umræðna og þess hvaða líkur eru á að umhverfismerki fyrir viðkomandi vöruflokk fái almennan framgang, hvort þróa skuli vöruflokkinn áfram og setja viðmiðanir fyrir umhverfismerki.
31. Þegar umhverfismerkinganefndin er orðin ánægð með áðurnefnt undirbúningsstarf vegna tiltekins vöruflokks og eftir að hafa fengið jákvæð tilmæli frá sérstaka vinnuhópnum skal hún senda lokaskýrsluna ásamt tillögum, er varða drög að umboðinu, til framkvæmdastjórnarinnar og óska eftir því við framkvæmdastjórnina að hún hefji málsmeðferð með það fyrir augum að setja vistfræðilegar viðmiðanir fyrir viðkomandi vöruflokk og feli umhverfismerkinganefndinni umboð þar sem tekið er tillit til áðurnefndra tillagna. Aðilar að umhverfismerkinganefndinni, sem eru fulltrúar hagsmunaaðilanna sem um getur í 15. gr. umræddrar reglugerðar, geta, hver fyrir sig eða sameiginlega, látið sérálit sitt fylgja í viðauka við lokaskýrsluna.

#### UMBOÐ TIL AÐ ÞRÓA EÐA ENDURSKOÐA VIÐMIÐANIR

**(Málsmeðferð sem fara skal eftir við framkvæmd umboðsverkefnis frá framkvæmdastjórninni um að þróa eða endurskoða viðmiðanir fyrir umhverfismerki og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir vöruflokk)**

32. Umhverfismerkinganefndin skal, á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni, gera tillögu að viðmiðunum fyrir umhverfismerki og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir viðkomandi vöruflokk. Umhverfismerkinganefndin skal virða tímamörk sem kveðið er á um fyrir verklok í umboðinu.
33. Í því skyni skal umhverfismerkinganefndin velja þar til bærar eða þar til bæra forystuaðila, sem eru fúsir til að taka að sér forystuhlutverk, sem mynda síðan sérstakan vinnuhóp. Almennu reglurnar, sem eru tilgreindar hér að framan, skulu gilda.

34. Þar til bær forystuaðili skal, með aðstoð sérstaka vinnuhópsins, fyrst og fremst ákvarða hvort allar nauðsynlegar greiningar, rannsóknir og önnur undirbúningsvinna, sem um getur hér að framan, hafi verið unnin. Í þessu felst einkum hagkvæmni- og markaðsrannsókn, mat á endingartíma og umbótagreiningin sem um getur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1980/2000. Forystuaðilinn skal, með aðstoð sérstaka vinnuhópsins, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að ljúka við og uppfæra þessa undirbúningsvinnu eftir því sem þörf krefur, að teknu tilliti til málsmeðferðarinnar sem er lýst nákvæmlega í áður nefndum viðauka.
35. Þar til bær forystuaðili skal leggja drögin að tillögum og viðkomandi skýrslur og greiningar fyrir einn eða fleiri fundi umhverfismerkinganefndarinnar og skal, á grundvelli þeirra viðræðna, eftir því sem við á, gefa umhverfismerkinganefndinni það til kynna að verkefninu megi teljast lokið. Í þessu sambandi skal taka sérstakt tillit til þess hversu miklar líkur eru á að drögin að tillögunni fái góðan stuðning.
36. Á sama hátt skal umhverfismerkinganefndin, eftir því sem við á og á grundvelli þeirrar vinnu sem þar til bær forystuaðili og sérstaki vinnuhópurinn inna af hendi, upplýsa framkvæmdastjórnina um drögin að viðmiðunum og láta hana vita af því að verkefninu megi teljast lokið. Í þessu sambandi skal taka sérstakt tillit til þess hversu miklar líkur eru á að drögin að tillögunni fái góðan stuðning. Aðilar að umhverfismerkinganefndinni, sem eru fulltrúar hagsmunaaðilanna sem um getur í 15. gr. umræddrar reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, geta, hver fyrir sig eða sameiginlega, látið sérálit sitt fylgja í viðauka við drög að viðmiðunum.
37. Ef framkvæmdastjórnin lætur það í ljós að verkefnið hafi ekki verið unnið til fulls skal umhverfismerkinganefndin halda áfram starfi sínu við drögin að viðmiðunum, að teknu tilliti til málsmeðferðarinnar og krafanna sem lýst er í kaflanum. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina ástæður fyrir afstöðu sinni.
38. Ef framkvæmdastjórnin gefur það til kynna á einhverjum tíma að umboðsverkefninu hafi verið skilað til fulls skal umhverfismerkinganefndin líta svo á að verkinu sé lokið. Umhverfismerkinganefndin skal samt sem áður taka aftur upp vinnu við umboðsverkefnið síðar ef framkvæmdastjórnin biður um það.
39. Ef umhverfismerkinganefndin kemst að þeirri niðurstöðu á einhverjum tíma að hún sé ófær um að ljúka verkefninu skal hún upplýsa framkvæmdastjórnina um það án tafar og gera grein fyrir öllum ástæðum þess.

#### UMBOÐ TIL AÐ ENDURSKOÐA VIÐMIÐANIR

**(Málsmeðferð sem fara skal eftir við framkvæmd umboðsverkefnis frá framkvæmdastjórninni um að endurskoða viðmiðanir fyrir umhverfismerki og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir vöruflokk)**

40. Umhverfismerkinganefndin skal, á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni, endurskoða viðmiðanir fyrir umhverfismerki og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi fyrir viðkomandi vöruflokk.
41. Umhverfismerkinganefndin skal leitast við að ljúka verki sínu í tæka tíð áður en gildandi viðmiðanir falla úr gildi.
42. Í því skyni skal umhverfismerkinganefndin velja þar til bærna eða þar til bæra forystuaðila, sem eru fúsir til að taka að sér forystuhlutverk, sem mynda síðan sérstakan vinnuhóp. Almennu reglurnar, sem eru tilgreindar hér að framan, skulu gilda.
43. Forystuaðilinn skal, með aðstoð sérstaka vinnuhópsins, endurskoða gildandi viðmiðanir fyrir umhverfismerki og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi og endurskoða einnig og, þar sem nauðsyn krefur, ljúka við og uppfæra hinar ýmsu greiningar, skýrslur, skrár og önnur störf sem lýst er nánar í kaflanum „Undirbúningsvinna“.
44. Þar til bær forystuaðili skal, með aðstoð sérstaka vinnuhópsins, einkum meta fyrirverandi, núverandi og líklegan árangur í framtíðinni að því er varðar þennan vöruflokk, þar á meðal ávinning fyrir umhverfið, að teknu tilliti til árangurs að því er varðar skylda vöruflokka og vinnuáætlun um umhverfismerki bandalagsins.
45. Þar til bær forystuaðili skal leggja niðurstöður þessa mats og þessara greininga fyrir einn eða fleiri fundi umhverfismerkinganefndarinnar og skal, á grundvelli þeirra viðræðna, eftir því sem við á, leggja tilmæli fyrir umhverfismerkinganefndina varðandi það hvort vistfræðilegar viðmiðanir og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi verði framlengdar, afturkallaðar eða þeim breytt. Í þessu sambandi skal taka sérstakt tillit til þess hversu miklar líkur eru á að tilmælin fái góðan stuðning.
46. Á sama hátt skal umhverfismerkinganefndin, eftir því sem við á og á grundvelli þeirrar vinnu sem þar til bær forystuaðili og sérstaki vinnuhópurinn inna af hendi, leggja til við framkvæmdastjórnina að vistfræðilegu viðmiðanirnar og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi verði framlengdar, afturkallaðar eða þeim breytt. Í þessu sambandi skal taka sérstakt tillit til þess hversu miklar líkur eru á að tilmælin fái góðan stuðning. Aðilar að umhverfismerkinganefndinni, sem eru fulltrúar hagsmunaaðilanna sem um getur í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000, geta, hver fyrir sig eða sameiginlega, látið sérálit sitt fylgja í viðauka við þessu tilmæli.



47. Ef framkvæmdastjórnin lætur það í ljós að verkefnið hafi ekki verið unnið til fulls skal umhverfismerkinganefndin halda áfram starfi sínu, að teknu tilliti til málsmeðferðarinnar og krafanna sem lýst er í kaflanum. Framkvæmdastjórnin skal tilgreina ástæður fyrir afstöðu sinni.
48. Ef framkvæmdastjórnin lætur í ljós samþykki sitt á tilmælum um að vistfræðilegar viðmiðanir og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi verði endurskoðaðar skal umhverfismerkinganefndin halda áfram starfi sínu, að teknu tilliti til málsmeðferðarinnar og krafanna sem lýst er í kaflanum „Umboð til að þróa eða endurskoða viðmiðanir“.
49. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir tilmæli um að vistfræðilegar viðmiðanir og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar á samræmi verði dregnar til baka skal umhverfismerkinganefndin líta svo á að umboðsverkefninu sé lokið. Umhverfismerkinganefndin skal samt sem áður taka aftur upp vinnu við umboðsverkefnið síðar ef framkvæmdastjórnin biður um það.
50. Ef umhverfismerkinganefndin kemst að þeirri niðurstöðu á einhverju stigi að hún sé ófær um að ljúka verkefninu skal hún upplýsa framkvæmdastjórnina um það án tafar og gera grein fyrir öllum ástæðum þess.

#### FRAMLAG TIL VINNUÁÆTLUNARINNAR

#### **(Málsmeðferð sem fylgja skal þegar leitað er ráða hjá framkvæmdastjórninni um vinnuáætlun fyrir umhverfismerki bandalagsins)**

51. Umhverfismerkinganefndin getur skilað inn til framkvæmdastjórnarinnar framlagi sínu vegna fyrirhugaðrar vinnuáætlunar fyrir umhverfismerki bandalagsins, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.
52. Í því skyni skal umhverfismerkinganefndin gera allar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir í samræmi við markmiðin og meginreglurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 4. mgr. 1. gr. umræddrar reglugerðar.
53. Áður en gerð er tillaga um nýja vöruflokka, sem gætu orðið forgangsverkefni fyrir aðgerðir bandalagsins, skal umhverfismerkinganefndin ákvarða, leiðbeinandi og til bráðabirgða, hvort vöruflokkurinn, sem um er að ræða, falli undir kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins sem mælt er fyrir um í 2. gr. umræddrar reglugerðar og einkum hvort þeir uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. hennar. Í því sambandi skal hún taka tillit til, eftir því sem unnt er, mismunandi sjónarmiða sem lýst er hér að framan í kaflanum „Undirbúningsvinna“.
54. Umhverfismerkinganefndin og aðilar að henni skulu kappkosta að ná sem mestri samstöðu í störfum sínum.

#### ADRAR AÐGERÐIR AÐILA AÐ UMHVÉRFSMERKINGANEFNDinni

55. Aðilar að umhverfismerkinganefndinni skulu starfa á þann hátt sem almennt þjónar kerfinu um umhverfismerki bandalagsins sem best og geta átt frumkvæði að hverju því sem þeir telja viðeigandi og gagnlegt í því sambandi. Þeir geta jafnframt starfað samkvæmt beiðni framkvæmdastjórnarinnar. Slíkt frumkvæði getur m.a. falið í sér:

kynningarstarfsemi sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 eða annars konar kynningu,

myndun sérstakra vinnuhópa,

aðgerðir til að stuðla að samhæfðri beitingu viðmiðana fyrir umhverfismerki og viðeigandi krafna vegna mats og sannprófunar á samræmi og einnig að aðlögun og umbótum á viðkomandi notendahandbókum,

að semja drög að viðmiðunarreglum, t.d. til að auðvelda þróun vistfræðilegra viðmiðana,

að samþykkja innri málsmeðferð eftir því sem við á.

#### ENDURSKOÐUN

56. Umhverfismerkinganefndin skal endurskoða starfsemi sína reglulega og getur, ef nauðsyn krefur, sent framkvæmdastjórninni tilmæli um aðlögun málsmeðferðar eftir því sem við á. Fyrstu endurskoðuninni skal vera lokið fyrir lok ársins 2002.